

Ársskýrsla háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 2021

Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið



Ársskýrsla háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu – 101 Reykjavík
Sími: 545 9600 | hvin@hvin.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Umsjón: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Fréttaránnáll 2021	7
Starfsemi á málavíðum sem nú heyra undir	
háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið á árinu 2021	10
Viðspyrnuáðgerðir vegna heimsfaraldurs	11
Samantekt um starfsemi ráðuneytisins	12
Rekstur og fjárfestingar	18
Rekstrargjöld og fjárfestingar 2021	19
Málefnasvið	20
Málaflokkar	25
Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna	25
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	40



Ávarp ráðherra

Hugvitið!

Eitt mikilvægasta verkefni okkar er að fjölga stöðum samfélagsins til að tryggja að við getum áfram búið við ein bestu lífskjör í heimi. Við eigum að skapa frjórri jarðveg fyrir atvinnulífið svo að við upplifum bætt lífsgæði og fleiri tækifæri. Ég hef sagt að lykillinn að bættum lífsgæðum og fleiri tækifærum er að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Ekki bara að hugvitið verði sérstök stoð í atvinnulífinu heldur einnig að hún stækki og styrki okkar hefðbundnu atvinnugreinar.

Hraðleið til Íslands!

Á fyrstu dögum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins settum við það í forgang að efla stuðningsumhverfi nýsköpunar. Ísland er eftirsóknarvert og orðið samkeppnishæft þegar kemur að umhverfi nýsköpunar en við verðum að gera enn betur. Fyrsta verkefnið á þessu sviði var að framlengja skattafrádrátt eða endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og hækkuðu framlögin töluvert frá síðustu fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þetta er mikilvægt enda á Ísland að verða fyrsti valkostur lítilla sem stórra fyrirtækja. Að fyrirtæki sem byggjast upp hér á landi velji að vera hér áfram og að erlend fyrirtæki velji Ísland og auðgi samfélagið okkar.

Nýsköpunarfyrirtæki sem byggja upp starfsemi sína hér á landi grundvallast að langstærstu leyti á mannauði. Mikil samkeppni er um færustu sérfræðingana á hverju sviði og við sem þjóð eigum í samkeppni við heiminn um besta fólkið. Það á að vera einfalt að koma til Íslands og eftirsóknarvert að búa hér og starfa. Þannig fáum við ekki aðeins fólk sem getur sinnt sérhæfðum störfum

heldur einnig fólk sem getur þjálfað annað fólk til framtíðar. Hér þurfa ólíkar stofnanir og atvinnulífið að stilla saman strengi. Við þurfum að gera kerfið einfaldara, bæta upplýsingagjöf, rýmka skilgreiningar og opna á hraðleið til Íslands.

Háskólar, vísindi og rannsóknir

Vísindi og rannsóknir eru hryggjarstykki þekkingarsköpunar. Það er mikilvægt að afrakstur í vísinda og rannsóknarstarfi skili sér í auknum mæli inn í samfélagið beint eða óbeint. Grunnvísindi eru mikilvæg en við eigum ekki síður að leggja áherslu á að úr vísindum verði til verðmæti. Og verðmæti verða ekki verðmæti nema einhver noti það sem þú skapar, býrð til eða rannsakar.

Ef við berum okkur saman við önnur lönd þá stöndum við sterk í innviðum vísindastarfs og rannsókna, t.d. eigum við flestar útgefna ritrýndar fræðigreinar miðað við höfðatölu og erum meðal efstu þjóða í fjármögnun. Vísindin vekja þó ekki nægjanlegan áhuga ungs fólks og því miður erum við nálægt því að reka lestina í 84. sæti yfir þann fjölda sem við útskrifum úr STEAM greinum, sem eru vísinda-, tækni-, verkfræði-, lista- og stærðfræðigreinar. Við eigum áfram að efla háskólana. Ný nálgun í fjármögnun háskólanna mun líta dagsins ljós á kjörtímabilinu. Við munum leggja okkur fram um að horfa á starfsemi háskólanna frá sjónarhorni nemenda í þeim tilgangi m.a. að minnka brottfall, auka gæði náms, minnka sóun og nýta rannsóknir betur í verðmætasköpun. Við viljum fá fleiri nemendur inn í þær greinar sem eru vaxandi og bjóða upp á spennandi tækifæri til framtíðar.

Hugvitshraðbraut

Fólk á að hafa raunverulegt val um hvar það stundar nám, býr og starfar. Það er mikilvægt að styðja við frjótt umhverfi um allt land. Öll störf sem auglýst eru í ráðuneytinu eru störf án staðsetningar. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið er fyrsta ríkisstofnunin sem gefur slíkt út með svo skýrum hætti. Mikilvæg forsenda þess að það gangi eftir er að við komum á nokkurs konar Hugvitshraðbraut. Í því felst að við náum gígabita nettengingu yfir ljósleiðara og/eða fullburða 5G um allt land. Í gígabita-samfélaginu verða engin heimili eða vinnustaðir skilin útundan. Allir verða með og hugvitið getur flætt hratt og hömlu-laust á milli fólks, fyrirtækja og stofnana. Slitlaust símasamband á öllum helstu þjóðvegum landsins á þessu kjörtímabili, ekki aðeins vegna öryggisins heldur líka vegna tækifæranna. Netöryggi hefur á mjög skömmum tíma orðið að risastóru verkefni sem krefst víðtækrar samvinnu í samfélaginu. Með gríðarlegri aukningu í notkun netsins hefur áskorunum í öryggismálum fjölgað sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir samfélagið. Þess vegna vinnum við í ráðuneytinu nú hörðum höndum að mótun aðgerðaáætlunar í netöryggi, með skilgreinda framkvæmda- og fjármögnunaraðila.

Nýsköpun á heima í nýsköpunarráðuneytinu

Ég hef stundum kallað þetta nýja ráðuneyti, ráðuneyti framtíðar eða ráðuneyti hugvits en það er sett saman til að skapa betri tengingu á milli háskóla, vísinda, nýsköpunar og atvinnulífs. Í nýju ráðuneyti er unnið með nýja sýn og nýtt verklag en við breytingarnar var litið til reyngu og fyrirmynda hjá framúrskarandi alþjóðlegum fyrirtækjum sem

eru í forystu þegar kemur að nýsköpun. Breytingarnar í ráðuneytinu fela það m.a. í sér að í stað þess að hafa háskóla, iðnað, fjarskipti og nýsköpun á sér skrifstofum þá eru málaflokkar leiddir saman og ráðuneytinu skipt upp í tvær skrifstofur. Annars vegar skrifstofu um stjórnsýslu, fjármál og dagleg samskipti við undirstofnanir og hins vegar skrifstofu um framtíðarsýn og stefnumörkun. Yfirbygging er minnkuð og ætlunin er að koma í veg fyrir að daglegt amstur og ýmis konar uppákomur trufla stór og mikilvæg mál. Nýtt verklag er innleitt með teymisvinnu og lotum.

Nýsköpun lykill að verðmætasköpun

Með Parísarsamkomulaginu hefur Ísland skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030 og ná algjöru kolefnishlutleysi tíu árum síðar. Með þessu höfum við skipað okkur í sess með metnaðarfyllstu þjóðum heims þegar kemur að áformum í baráttunni gegn loftlagsbreytingum. Þessum markmiðum verður ekki náð nema með nýsköpun. Virkja þarf hugvit, þekkingu og nýsköpun til að knýja fram aukna sjálfbærni á eins mörgum sviðum og mögulegt er. Með nýsköpun leggjum við okkar af mörkum til þess að efla hringrásarhagkerfið, ekki bara fyrir okkur sem þjóð heldur heim allan.

Annað aðkallandi mál er heilbrigðiskerfið. Það er mikilvægt að við notum hugvit og nýsköpun til að efla heilbrigðiskerfið með hagkvæmum hætti. Ráðuneytið mun styðja sérstaklega við innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðiskerfið. Búið er að taka fyrsta skrefið þar sem

styrkjum verður úthlutað til innleiðingar á nýjum lausnum sem auka gæði og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu en sérstök áhersla er lögð á samvinnu hins opinbera við einkaaðila um land allt.

Það er trú mín að hugvitið verði okkar stærsta útflutningsgrein og von mín að okkur takist í sameiningu að leysa úr læðingi þá krafta sem fá háskóla, vísindi, iðnað, fjarskipti og nýsköpun til að halda hratt inn í framtíð fulla af tækifærum.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Fréttannaáall 2021 (janúar–apríl)

21. janúar

Stærsta úthlutun Rannsóknasjóðs frá upphafi. [Nánar >](#)

25. janúar

Farsímasamband bætt á vegum í Árneshreppi. [Nánar >](#)

28. janúar

Mikilvægi vísindasamstarfs við Dani. [Nánar >](#)

29. janúar

Alþjóðlegur veffundur um netöryggisáskoranir gervigreindar. [Nánar >](#)

1. febrúar

Netöryggiskeppni Íslands haldin í annað sinn. [Nánar >](#)

11. febrúar

Nýir nýsköpunarstyrkir: 150 milljónir í Lóu - nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina. [Nánar >](#)




3. febrúar

Lokaúthlutun Ísland ljóstengt hefst. [Nánar >](#)

3. febrúar

15 milljónir til að styrkja nýjar ræktunaraðferðir í grænmetisframleiðslu. [Nánar >](#)



16. febrúar

Skýrsla um mótun klasastefnu lögð fram á Alþingi. [Nánar >](#)

18. febrúar

Frumvarp um breytingar á aðgangsskilyrðum háskóla – aukid jafnræði milli bók- og starfsnáms. [Nánar >](#)

19. febrúar

Björgunarsveitir fá nýjar færanlegar rafstöðvar til að efla fjarskiptaöryggi. [Nánar >](#)

24. febrúar

Tillaga um útboð á ljósleiðaraþráðum Atlantshafsbandalagsins. [Nánar >](#)

4. mars

Grænn dregill og iðngarðar efli græna nýfjárfestingu. [Nánar >](#)

26. mars

Menntastefna til ársins 2030 samþykkt á Alþingi. [Nánar >](#)

22. mars

Undirritun samevrópskrar ráðherraýfirlýsingar um nýsköpun og sprotafyrirtæki. [Nánar >](#)

19. mars


Undirritun samevrópskrar ráðherraýfirlýsingar um gagnaflutninga. [Nánar >](#)

17. mars

Smíðum framtíðina: Stafrænar smíðjur stórefldar. [Nánar >](#)

12. mars

Samið við Norðmenn um samvinnu á sviði netöryggismála. [Nánar >](#)



26. mars

Fjarskiptaöryggi Íslands stóraukið með fjármögnun nýs sæstrengs. [Nánar >](#)

31. mars

Unnið að hækun framfærslu námsmanna. [Nánar >](#)

14. apríl

236 umsóknir bárust um Lóu nýsköpunarstyrki. [Nánar >](#)



Fréttannaáall 2021 (apríl–september)

14. apríl

Vaxandi áhugi á kennaranámi – aðgerðir skila góðum árangri. [Nánar >](#)

16. apríl

Ný lög um opinbert stuðnings- umhverfi nýsköpunar. [Nánar >](#)

26. apríl

Fyrsta grænbókin um net- og upplýsingaöryggi kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

4. maí

Bætt aðgengi að háskólanámi á Austurlandi. [Nánar >](#)

8. maí

Samkomulag undirritað um samstarf Íslands og Japan: Menntun, vísindi, tækni og nýsköpun. [Nánar >](#)

19. maí


Nýsköpunar- og frumkvöðla- menntaverkefni til menntavísindasviðs HÍ. [Nánar >](#)

**12. maí**

Ísland ljóstengt byltir forsendum búsendu og atvinnu í sveitum landsins. [Nánar >](#)

10. maí

Kynningarfundur um samfélags- legan ávinning af landsátakinu Ísland ljóstengt. [Nánar >](#)

**31. maí**

Úthlutun Lóu – styrkja til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni. [Nánar >](#)

7. júní

Opið samráð um evrópska reglu- gerð um gögn og gagnagrunna. [Nánar >](#)

15. júní

Tæknisetur formlega stofnað. [Nánar >](#)

15. júní

Viljayfirlýsing um stofn- setningu rannsóknar vinnslu- og afurðamiðstöðvar þangs í Stykkishólmi. [Nánar >](#)

1. júlí

Einkunn Íslands fyrir netöryggi hækkar talsvert í úttekt Alþjóða- fjarskiptasambandsins. [Nánar >](#)

10. ágúst

Aðgerðir til eflingar skapandi greina tilkynntar. [Nánar >](#)

12. júlí

Útgáfa Vegvísis um rannsóknarinnviði. [Nánar >](#)

7. júlí

Grænbók um fjarskipti kynnt í samráðsgátt. [Nánar >](#)

1. júlí

Ný lög um Fjarskiptastofu taka gildi. [Nánar >](#)

**17. ágúst**

Nýsköpunar- og þróunarsetur í samstarfi háskólanna á Vesturlandi verður að veruleika. [Nánar >](#)

3. september

Grænbók um fjarskipti birt að loknu samráði. [Nánar >](#)

8. september

Styrkir til rannsóknar- og þróunarverkefna búgreina auglýstir. [Nánar >](#)

**9. september**

Nýsköpunarmiðstöð lögð niður og verkefni stofnunarinnar komin í farveg. [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2021 (september–desember)

15. september

Drift á Akureyri og Nýsköpunarlandið taka til starfa. [Nánar >](#)



24. september

Fyrsta aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu kynnt. [Nánar >](#)

30. september

Úttekt á gæðum náms við Háskóla Íslands. [Nánar >](#)

18. október

Vísindamálaráðherrar funda um rannsóknir og nýsköpun. [Nánar >](#)

29. nóvember

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tekur við lyklum að nýju háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti. [Nánar >](#)



12. nóvember

Askur: Nýr styrktarsjóður í fyrir nýsköpun og rannsóknir í mannvirkjagerð. [Nánar >](#)



12. nóvember

Askur: Nýr styrktarsjóður í fyrir nýsköpun og rannsóknir í mannvirkjagerð. [Nánar >](#)

29. október

Nýr styrkur til íslenskra framhaldsnema í STEM-greinum í Bretlandi. [Nánar >](#)

10. desember

Yfir 3 milljörðum króna úthlutað til 146 verkefna í stærstu úthlutun Tækniþróunarsjóðs hingað til. [Nánar >](#)

10. desember

Ný netöryggisstefna Íslands fyrir árin 2021-2036. [Nánar >](#)











13. desember

Farsæld byggð á hugviti og sköpunarkrafti. [Nánar >](#)

**Starfsemi á málavæðum sem nú heyra undir
háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
á árinu 2021**

Viðspyrnuaðgerðir vegna heimsfaraldurs

Heildarfjárhæð hvers aðgerðarpakka

	Framlög til endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði aukin	3.700.000.000
	Aukin framlög í Tækniþróunarsjóð	1.400.000.000
	Aukin framlög í Rannsóknarsjóð og Innviðasjóð	1.500.000.000
	Aukin framlög í Nýsköpunarsjóð námsmanna	355.000.000
	Nemendafjölgun í háskólum	1.444.000.000
	Sumarnám í háskólum	500.000.000
	Geðheilbrigðismál háskólanema	100.000.000
	Átakið Nám er tækifæri, háskólanám fyrir atvinnuleitendur	970.000.000
	Uppbygging og áreiðanleiki fjarskiptakerfa	550.000.000
	Stafræn þróun á vegum sveitarfélaga til að bæta þjónustu og auka samskipti	100.000.000

10.619 milljónir króna


Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið tók til starfa 1. febrúar 2022 og fer það með málefni vísinda, háskóla, fjarskipta, iðnaðar, nýsköpunar og upplýsingasamfélagsins. Verkefni ráðuneytisins koma að stofni til úr þremur fyrri ráðuneytum; mennta- og menningar- málaráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu. Þessi ársskýrsla er því eðli málsins samkvæmt samantekt á tölum og greiningum á starfi þessara þriggja fyrrnefndu ráðuneyta sem áður sinntu málefnasviðunum.

Í upphafi máls er þó rétt að gera örstutta grein fyrir skipulagi og markmiðum hins nýja ráðuneytis. Fjöldmörg tækifæri fylgja því að sameina í eitt ráðuneyti málefni vísinda, háskóla, fjarskipta, iðnaðar, nýsköpunar og upplýsingasamfélagsins. Þetta eru lykilsviðin þegar kemur að uppbyggingu þekkingardrífins atvinnulífs. Framtíðarsýn ráðuneytisins er skýr og endurspeglast í einni setningu:

Lykillinn að bættum lífsgæðum og fleiri tækifærum er að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Hlutverk ráðuneytisins við að ná þessu fram er að leysa krafta úr læðingi með því að rjúfa múra og efla samvinnu milli háskóla, vísinda, iðnaðar og nýsköpunar. Auk þess er ætlunin að efla með markvissum aðgerðum net- og fjarskiptaöryggi sem eru mikilvæg undirstaða í þekkingarsamfélagi. Skipulag háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins er óhefðbundið sé tekið mið af öðrum ráðuneytum innan Stjórnarráðsins. Yfirbyggingin er lítil og markmiðið er að náð samstarf sé á milli skrifstofa.




Ráðuneytinu er skipt í þrjár skrifstofur.

Skrifstofa stefnumörkunar gegnir lykilhlutverki við stefnumótun, undirbúning fjármálaáætlunar, undirbúning lagafrumvarpa, setningu reglugerða og alþjóðasamstarf. Jafnframt starfar hún með skrifstofu framkvæmdar og eftirfylgni að undirbúningi fjárlaga. Á skrifstofunni eru saman komin öll langtímamál á sviði háskóla, vísinda, iðnaðar, fjarskipta, upplýsingatækni og nýsköpunar. Stefnt er að því að gerjun verði á milli greina sem hingað til hafa verið aðskildar innan Stjórnarráðsins. Jafnframt er lögð áhersla á að stóru langtímamálin fái næga athygli og mannafl. Þessi skrifstofa hefur það skýra hlutverk að horfa til framtíðar og setja Íslandi metnaðarfull markmið og skilgreina leiðir til að ná þeim.

Skrifstofa framkvæmdar og eftirfylgni hefur á sinni könnu að tryggja framgang þeirra mála og ákvarðana sem teknar hafa verið og gegnir hún lykilhlutverki við framkvæmd fjárlaga, samningagerð og samskipti við ríkisaðila. Á skrifstofunni eru sérfræðingar í gerð fjárlaga sem vinna náið með sérfræðingum á skrifstofu stefnumörkunar við útfærslu fjármálaáætlunar, árangursmiðaðrar áætlanagerðar og undirbúnings fjárlaga. Með þessu móti verður til staðar sérhæfing í stjórnsýslunni. Brýn úrlausnarefni fá athygli og faglega afgreiðslu án þess að þau trufli að langtímastefnumörkun verði sinnt.

Þriðja skrifstofan er **skrifstofa yfirstjórnar** sem fer með samhæfingu í starfi ráðuneytisins, annast samskipti við Alþingi og stofnanir þess, mál er varða dagskrá ráðherra, undirbúning funda og mál sem varða þingstörf ráðherra, sem og innri stjórnsýslu ráðuneytisins og mannauðsmál forstöðumanna stofnana ráðuneytisins. Skrifstofa yfirstjórnar hefur einnig yfirsýn og fylgist með starfi stjórna, nefnda og verkefnahópa á vegum ráðuneytisins. Þá heyrir skjalasafn og málaskrá ráðuneytisins undir skrifstofuna.

Innri rekstri er stýrt af rekstrarstjóra sem heyrir undir ráðuneytisstjóra en þar er unnið að mannauðsmálum, rekstri, bakvinnslu, samhæfingu, gæðamálum o.fl. sem snýr að starfsemi ráðuneytisins.



Á árinu 2021 var unnið að fjölbreytilegum verkefnum á þeim málefnasviðum sem nú heyra undir ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og meðal þess sem hæst bar má nefna eftirfarandi:

Á sviði **fjarskipta** var á haustmánuðum birt grænbók um fjarskipti. Grænbókin veitir upplýsingar um stöðu fjarskiptamála á þeim tíma sem hún er skrifuð og var henni ætlað að marka upphaf stefnu- mótunarferlis nýrrar fjarskiptaáætlunar. Eitt af meginmarkmiðum gíldandi fjarskiptaáætlunar, er að leggja þriðja sæstrenginn frá Íslandi til Evrópu, og vert er að segja frá því að á liðnu ári hefur verið unnið ötullega að undirbúningi nýs sæstrengs ÍRIS sem mun liggja frá Íslandi til Írlands. Farice heldur utan um framkvæmd verkefnisins og er áætlað að strengurinn verði tekinn í notkun í ársbyrjun 2023. Ný lög um Fjarskiptastofu tóku gildi um mitt ár og er markmið þeirra að gera stofnunina betur í stakk búna til að mæta þörfum og kröfum samtímans þar sem fjórða iðnbyltingin, stafræn tækni, gervigreind og uppbygging innviða í fjarskiptum er í forgrunni. Verkefninu Ísland ljóstengt lauk á árinu en á fimm ára starfstíma þess höfðu 57 sveitarfélög hlotið styrki til að tengja við ljósleiðara um 6.200 styrkhæfa staði og þannig bylt forsendum búsetu og atvinnu í sveitum landsins.

Fjölbreytt verkefni voru unnin á sviði **netöryggismála** og ber þar hæst að í byrjun árs 2022 var sett ný netöryggisstefna fyrir Ísland sem gildir til ársins 2037. Í stefnunni er skilgreind framtíðarsýn og markmið stjórnvalda um stöðu netöryggis í íslensku samfélagi ásamt mælikvörðum og áherslum til að ná settum markmiðum. Á grunni stefnunnar verður gerð sérstök aðgerðaáætlun til fimm ára en aðgerðir verða ýmist í höndum ráðuneyta og stofnana eftir því sem við á. Um mitt árið var birt úttekt Alþjóðafjarskiptasambandsins og þar kom fram að einkunn Íslands fyrir netöryggi hafði hækkað talsvert frá síðustu könnun og Ísland hækkað í 31. sæti meðal Evrópuþjóða en það var áður í 42 sæti.

Ný lög um opinbert stuðningsumhverfi **nýsköpunar** tóku gildi og með þeim voru gerðar umfangsmiklar breytingar á opinberu stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi. Starfsemi

Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands var lögð niður og því samhliða ráðist í fjölþættar aðgerðir til að efla innviði nýsköpunar. Tæknisetur var sett á laggirnar en því er ætlað að vera samstarfsaðili fyrir háskóla, sprota, stofnanir, klasa, frumkvöðla og fyrirtæki á sviði tæknigreina með því að veita þeim aðgang að tækjabúnaði og viðeigandi sérfræðiþekkingu sem gagnast aðilum til rannsókna og vöruþróunar. Árið var það stærsta í sögu Tækniþróunarsjóðs en alls úthlutaði sjóðurinn 3,1 milljarði króna til 146 verkefna. Sprota- og nýsköpunarsjóðurinn Kría tók til starfa en hlutverk hans er að fjárfesta í vísisjóðum og þannig efla fjárfestingarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. Fyrsta úthlutunin úr Lóu - nýsköpunarstærkjum fyrir landsbyggðina fór fram og fengu alls 29 verkefni úthlutun upp á alls 147 milljónir króna. Þá voru gerðir samningar við stafrænar smiðjur (Fablab) hringinn í kringum landið sem ætlað er að efla starf þeirra og tryggja rekstrargrundvöll til næstu ára. Askur - mannvirkjarannsóknarsjóður var settur á laggirnar til þess að efla rannsóknir og nýsköpun í mannvirkjagerð á Íslandi, með áherslu á aukna þekkingu og umbætur til að mæta samfélagslegum áskorunum sem fylgja byggingariðnaði. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast daglega umsýslu sjóðsins en hann er fjármagnaður sameiginlega af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og innviðaráðuneyti. Þá var Klasastefna fyrir Ísland gefin út en markmið hennar er að efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun á þeim sviðum sem skipta atvinnulíf og samfélag hvað mestu til að auka nýsköpun, efla viðspyrnu og seiglu í atvinnulífni og byggja upp sterkt og kraftmikið efnahagslíf hér á landi. Í takti við Klasastefnu var í samvinnu nokkurra ráðuneyta stutt við undirbúning stafræns klasa á sviði verslunar og þjónustu, og undirbúning umsóknar um miðstöð stafrænnar nýsköpunar (EDIH) og svo dæmi séu tekin.

Á vettvangi **háskóla** var aðgengi að háskólanámi á Austurlandi bætt en Háskólinn í Reykjavík í samvinnu við Háskólann á Akureyri mun bjóða undirbúningsnám fyrir háskólanám með blöndu af fjarkennslu og aðstöðu í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Nýsköpunar- og þróunarsetur í samstarfi Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla

Íslands var komið á laggirnar en þar verður lögð áhersla á nýsköpun, rannsóknir, fræðslu og frumkvöðlastarf á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála, sem og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni almennt svo sem í ferðaþjónustu, nýtingu náttúrugæða og menningarlegri starfsemi. Komið var til móts við þarfir háskólanema vegna afleiðinga Covid-19, m.a. með framboði sumarnáms í háskólum, tímabundinni hækkun grunnframfærslu og sumarlána hjá Menntasjóði námsmanna. Ráðist var í átakið „Sókn fyrir námsmenn“, með áherslu á sumarstörf fyrir námsmenn og sértæk námsúrræði í háskólum sumarið 2021 til að sporna við atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks í kjölfar Covid-19. Veitt var 500 millj. kr. til sumarnáms í háskólum. Markhópur átaksins voru nemendur sem luku námi úr framhaldsskóla á vorönn og vildu sækja undirbúningsnám fyrir háskólanám, aðrir framtíðar háskólanemar, háskólanemar, sem og einstaklingar sem vildu styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang. Að frumkvæði ríkisstjórnarinnar var veitt 100 millj. kr. til eflingar geðheilbrigðismála fyrir háskólanema, sem nýttust til að eflingar námsráðgjafar og sálfræðiþjónustu í háskólum. Í sameiginlegu átaki ráðuneyta var veitt 970 millj. kr. í verkefnið Náms er tækifæri fyrir námsúrræði á háskólastigi fyrir atvinnuleitendur, þar af 100 millj. kr. vegna aðfaranáms að háskóla. Ríkisstjórnin samþykkti í júlí tillögu um að framtíðarstaðsetning Listaháskóla Íslands skyldi verða í Tollhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík. Listaháskóla Íslands var falið að annast kvikmyndanám á háskólastigi og mun skólinn bjóða upp á námsbrautir til BA prófs í leikstjórn, handritsgerð, framleiðslu, kvikmyndatöku og klippingu.

Alþingi samþykkti breytingafrumvarp við lög um háskóla nr. 63/2006 og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 þar sem leitast var við að jafna aðgang nemenda með önnur námslok frá framhaldsskóla en stúdentspróf að háskólum. Samkvæmt lögunum skulu háskólar setja skýr og gagnsæ aðgangsviðmið um mat á hæfni, þekkingu og færni nemenda inn á einstakar námsbrautir á háskólastigi.





Gæðaúttektir á starfsemi háskóla fóru fram á lögreglunámi við Háskólann á Akureyri auk stofnanaúttekta á Háskólanum á Bifröst og Háskóla Íslands. Þá var framlag aukið til úthlutunar úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, sem veitti 311 millj. kr. til 206 verkefna, sem sköpuðu störf fyrir 351 nemanda í 1037 mannmánuði.

Fyrsta úthlutun úr nýjum Menntarannsóknasjóði sem styður við markmið í Menntastefnu 2030 um hagnýtar menntarannsóknir á sviði leik-, grunn- og framhaldsskóla, fór fram í desember 2021. Úthlutað var ríflega 72 millj. kr. til fjögurra verkefna.

Styrkir til **vísinda** úr Rannsóknasjóði hafa aldrei verið hærrí en á árinu og úthlutaði sjóðurinn alls 3,7 milljörðum króna til 82 verkefna. Kemur þar helst til aukning framlaga til rannsóknarsjóðs sem liður í viðspyrnuaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldurs. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Fyrsti vegvísir um rannsóknarinnviði á Íslandi var gefinn út í júlí 2021 í samvinnu við Rannsóknamiðstöð Íslands og stjórn Innviðasjóðs. Í honum eru tilgreindir viðamiklir innviðir og innviðakjarnar sem uppfylla kröfur um að styðja við gæði í rannsóknum á Íslandi og samræmast áherslum Vísinda- og tækniráðs. Rannsóknarinnviðir eru aðstaða, aðföng og þjónusta sem vísindamenn og frumkvöðlar nýta við rannsóknir og nýsköpun á fagsviðum sínum. Til þeirra teljast t.d. sérhæfður tækjabúnaður eða -samstæður, skjala- og gagnasöfn, rafrænir innviðir, samskiptanet og önnur tæki sem eru nauðsynleg til að ná árangri í rannsóknum og nýsköpun. Fyrsta úthlutun samkvæmt vegvísinum fór fram á árinu og hlutu sex verkefni á vegvísi og 15 almenn verkefni samtals rúmlega 546 milljónir króna í styrk á árinu 2021, þar af fóru um 80% þeirrar upphæðar til vegvísaverkefna.

Rekstur og fjárfestingar

Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra tilheyra þremur málefnasviðum. Ráðherra fer einn með forræði málefnasviðs **21** - Háskólamál, að mestu leyti með forræði málefnasviðs **7** - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar og að hluta til með forræði málefnasviðs **11** - Samgöngu- og fjarskiptamál. Málefnasvið **22** - Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála heyrði áður undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og er því talið með hér. Við stofnun nýs háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis í febrúar 2022 var stofnaður nýr málaflokkur 21.4 - Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og heyrir málefnasvið 22 því ekki undir nýtt ráðuneyti.

Raunútgjöld* verkefna á forræði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 62,454,5 m.kr. árið 2021. Á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

Raunútgjöld málefnasviðs **7** - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar námu 21.214,6 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum, nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar og verkefni og samningar því tengt.

Raunútgjöld þess málaflokks á málefnasviði **11** - Samgöngu- og fjarskiptamál sem heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (flokkur 11.20 - Fjarskipti) námu 1.237,9 m.kr. á árinu 2021.

Raunútgjöld málefnasviðs **22** - Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála námu 284,0 m.kr. árið 2021.


Raunútgjöld málefnasviðs **21** - Háskólamál námu 40.002,0 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla háskólar, rannsóknarstarfsemi og stuðningur við námsmenn og verkefni og samningar því tengt.

* Rauntala rekstrarútgjalda árið 2021.

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2021

Raunútgjöld málefnasviða árið 2021 (m.kr.)

Rekstrarútgjöld alls 62.738,5 m.kr.



Mynd 1. Skipting útgjalda eftir málefnasviðum

Málefnasvið

Þau verkefni sem heyra undir ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar frá 1. febrúar 2022 heyrðu áður undir þrjú ráðuneyti. Í fjárlögum ársins 2021 heyrðu þau undir eftirfarandi málefnasvið:

Málefnasvið

- 07 - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar
- 11 - Samgöngu- og fjarskiptamál
- 21 - Háskólastig
- 22 - Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Með stofnun nýs ráðuneytis var stofnaður nýr málaflokkur 21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og heyrir málefnasvið 22 því ekki undir nýtt ráðuneyti.

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 62.738,5 m.kr. en gert var ráð fyrir því að til ráðstöfunar yrðu 68.463,4 m.kr. Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka og á töflu 2 má sjá fjárfestingar málefnasviða og málaflokka.



Tafla 1. Rekstur málefna sviða og málaflokka (án rekstrartekna og fjárfestinga)

Málaflokkar – rekstur	Rekstrar- útgjöld í raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrri ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	21.214,6	24.353,8	3.139,1	12,9	1.786,3	4.925,5	18,8
07.10 – Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	10.483,1	13.701,3	3.218,2	23,5	1.704,2	4.922,5	32,0
07.20 – Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	10.731,6	10.652,5	-79,1	-0,7	82,1	3,0	0,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	1.237,9	1.335,5	97,6	7,3	-159,0	-61,4	-5,2
11.20 – Fjarskipti, netöryggi og póstpjónusta	1.237,9	1.335,5	97,6	7,3	-159,0	-61,4	-5,2
21 Háskólastig	40.002,0	42.479,7	2.477,7	5,8	4.020,4	6.498,1	14,0
21.10 – Háskólar og rannsóknarstarfsemi	32.877,5	35.358,9	2.481,4	7,0	4.020,4	6.501,8	16,5
21.30 – Stuðningur við námsmenn	7.124,5	7.120,8	-3,7	-0,1	0,0	-3,7	-0,1
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	284,0	294,5	10,5	3,6	28,9	39,4	12,2
Samtals	62.738,5	68.463,4	5.725,0	8,4%	5.676,7	11.401,6	15,4%

Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 2. Fjárfestingar málefna sviða og mála flokka

Fjárfestingar mála flokka	Fjárheimild	Heimild frá fyrra ári	Fjárfesting	Staða í árslok
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	-15,0	52,6	-3,4	34,2
07.10 – Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	-15,0	57,0	-	42,0
07.20 – Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	-	-4,4	-3,4	-7,8
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	46,6	159,2	-59,0	146,8
11.20 – Fjarskipti, netöryggi og pósthjónusta	46,6	159,2	-59,0	146,8
21 Háskólastig	2.926,6	3.526,5	-3.187,6	3.265,5
21.10 – Háskólar og rannsóknarstarfsemi	2.926,6	3.526,5	-3.187,6	3.265,5
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála	8,2	-9,0	-4,4	-5,2
Samtals	2.966,4	3.729,3	-3.254,4	3.441,3

Taflan sýnir fjárfestingu í m.kr. í samanburði við áætlanir ársins 2021 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára. Í fyrsta dálki er það sem ráðstafað var á árinu.

Fjárhæðir í milljónum króna

7 – Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar


Málefnasvið 7 – nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, skiptist í 7.1 – vísindi og samkeppnissjóðir og 7.2 – nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar. Málefnasviðinu tilheyrja m.a. Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Tæknipróunarsjóður, Rannsóknarsjóður, Innviðasjóður, Samtök um evrópska rannsóknarinnviði, Rannsóknamiðstöð Íslands og Hugverkastofa. Framtíðarsýn málefnasviðsins er íslenskt samfélag þar sem nýsköpun, rannsóknir og þekkingarleit eru inngróin í menningu og efnahagslíf þjóðarinnar og Ísland er fyrirmynd annarra ríkja í sjálfbærri þróun. Tekist er á við áskoranir framtíðarinnar með hugviti, rannsóknnum og nýsköpun og smæð þjóðfélagsins er nýtt sem styrkleiki. Ísland er í öflugum erlendu samstarfi og vel tengt í alþjóðlegu umhverfi vísinda, nýsköpunar, menningar og athafnalífs og innviðir eru til staðar til að starfrækja alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki og rannsóknastofnanir. Með þessu móti eru góð lífskjör tryggð sem og verðmætasköpun til framtíðar og almenn velsæld á Íslandi.

Meginmarkmið málefnasviðsins er alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, alþjóðlegt samstarf og árangur, sem og skilvirkni og gagnsæi í opinberu stuðningskerfi. Þannig styður það beint við velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar um virkni í námi og starfi og grósku í nýsköpun. Framtíðarsýn ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar er að hugvitið verði með tímanum stærsta útflutningsgrein Íslands.

11 – Samgöngu og fjarskiptamál

Málefnasvið 11 – samgöngu og fjarskiptamál, skiptist í þrjá málaflokka og fer háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið með undirflokkinn 11.2 – fjarskipti og netöryggi en aðrir flokkar heyra undir Innviðaráðuneytið. Undir fjarskipti og netöryggi heyra m.a. Fjarskiptasjóður, Fjarskiptastofa og málefni úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Framtíðarsýn málefnasviðsins er að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, verðmætasköpun og framsækna



þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið á málefnasviðinu er að innviðir og þjónusta mæti þörfum almennings og atvinnulífs og sjálfbær þróun byggða um land allt.

21 – Háskólastig

Málefnasvið 21 – háskólastig, skiptist í 21.1 – háskólar og rannsóknarstarfsemi og 21.3 – stuðningur við námsmenn. Báðir undirflokkar heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Málefnasviðinu tilheyra m.a. háskólar landsins, áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema, Raunvísindastofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum og Menntasjóður námsmanna.

Framtíðarsýn í málaflokknum er að vel menntað fólk leggi grunninn að nútímalegu þekkingarsamfélagi þar sem rannsóknir og þekkingarstarfsemi er grundvöllur verðmætasköpunar og fjölbreytts atvinnulífs. Með sterku háskólastigi verða íbúar færir um að takast á við flóknar samfélagslegar áskoranir og hagnýta öra tækniþróun samfélaginu til heilla. Menntun og rannsóknir styðji við lýðræði, gagnrýna og skapandi hugsun, sjálfbærni og velferð.

Meginmarkmið stjórnvalda hvað varðar starfsemi á háskólastigi er að framsæknar og alþjóðlega samkeppnishæfar rannsóknastofnanir og háskólar skapi þekkingu, miðli henni og undirbúi nemendur til virkrar þátttöku í nútímaþekkingarsamfélagi og til verðmætasköpunar sem byggist á hugviti, nýsköpun og rannsóknnum.


Framtíðarsýn og meginmarkmið eru í samræmi við velsældaráherslu ríkisstjórnarinnar um virkni í námi og starfi þar sem lögð er áhersla á þýðingu menntunar fyrir samkeppnishæfni þjóða og lífsgæði einstaklinga.

Sett voru fram 10 markmið á málefnasviðum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 og til að styðja við þau markmið voru 20 aðgerðir skilgreindar. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
07 - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar				3	4	7
11.2 – Fjarskipti og netöryggi			1	2	1	4
21 - Háskólastig	3	1	1	2	2	9
Samtals aðgerðir	3	1	2	7	7	20

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið



Málaflokkar

Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hverrar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu:

-
- **Aðgerð lokið**
 - **Aðgerð vel á veg komin**
 - **Aðgerð hafin**
 - **Undirbúningur hafinn**
 - **Aðgerð ekki hafin**
-

07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Tækniþróunarsjóður

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs, með það að markmiði að auka fjölbreytni atvinnulífsins og hraða uppbyggingu þekkingar- og hátæknistarfsemi.

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður

Markmið með Kría - sprota- og nýsköpunarsjóðs er að efla og þroska fjárfestingar- umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi með því að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum á sviði nýsköpunar sem settir eru upp og starfræktir eru með sama hætti og sambærilegir sjóðir á alþjóðavísu.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er fjárfestingarsjóður sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn hefur að leiðarljósi að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má virðisauka og arðsemi af starfseminni fyrir íslenskt samfélag.

Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám. Sjóðurinn styrkir nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni sem efla stöðu vísindastarfs á Íslandi.

Innviðasjóður

Hlutverk Innviðasjóðs er að styðja við uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi. Þar með talið rafrænna innviða. Sjóðurinn vinnur eftir áherslum vegvísis um rannsóknarinnviði.

Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar nær yfir stefnumótandi áætlanir þar sem um er að ræða tímabundinn forgang á fjármagni til grunnrannsókna og hagnýtra verkefna. Verkefni skulu unnin í nánú samstarfi fyrirtækja, rannsóknarstofnana og háskóla á einstökum sviðum eða þverfaglegum fræðasviðum á grundvelli vandaðra rannsóknaráætlana.

Samstarfsáætlanir Evrópusambandsins

Þátttaka í samstarfsáætlunum ESB hefur leitt til aukins alþjóðlegs samstarfs á sviði menntunar, rannsókna og opnað aðgang að þekkingu og aðstöðu og skilað sér í bættri samkeppnishæfni. Samstarfsáætlanirnar eru m.a. á sviði menntunar, menningar, rannsókna, nýsköpunar, fjarskipta, heilbrigðis, velferðar, umhverfis og almannavarna. Stærstu áætlanirnar eru rannsókn- og nýsköpunaráætlunin Horizon Europe og mennta-, æskulýðs- og íþróttamálaáætlunin *Erasmus+*.


Rannsóknamiðstöð Íslands

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) hefur umsjón með helstu samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar á Íslandi, auk samstarfsáætlana ESB og norrænna áætlana sem veita styrki til samstarfsverkefna, náms og þjálfunar. Þá veitir Rannís faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Í fjármálaáætlun 2021-2025 var eitt markmið skilgreint fyrir málaflokk 7.1.

Markmið 1: Fjármögnun rannsókna styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun

Til að fjármögnun rannsókna og nýsköpunar styðji við gæði og árangur verður lögð áhersla á að efla markvissa fjárfestingu í rannsóknarinnviðum og fjármögnun markáætlunar um vísindi og tækni. Svo best megi mynda stefnu um málaflokkinn til framtíðar og bæta nýtingu fjár sem til hans rennur hafa verið skilgreindar áskoranir sem íslenskt samfélag mun standa frammi fyrir næstu áratugi.



7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Í fjármálaáætlun 2021-2025 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 7.2.

Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða og velsæld byggð á nýsköpun

Markmiðið er að auka útflutningsverðmæti og samkeppnishæfni atvinnulífs til að mæta aukinni alþjóðavæðingu og tækniþróun. Þetta verður m.a. gert með auknum stuðningi við frumkvöðla og sprotafyrirtæki gegnum mótframlög til fjárfestinga og með auknum endurgreiðslum skatta til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar, sem og vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar tónlistar. Lögð verður áhersla á skilvirkni í stuðningskerfi nýsköpunar, einföldun regluverks og virkri samkeppni í atvinnulífinu. Þetta markmið kallast á við velsældaráherslur stjórnvalda um grósku í nýsköpun.



Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu loftslagsmála

Markmiðið felur í sér að stjórnvöld stuðli að þróun hagnýtra lausna sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda, þvert á atvinnugreinar í samræmi við skuldbindingar Parísarsáttmálans. Í málefnasviðum nr. 14 og 15 koma fram markmið sem miða í sömu átt fyrir einstakar atvinnugreinar. Þetta markmið styður við velsældaráherslu stjórnvalda um kolefnishlutlausu framtíð.

Markmið 3: Ný störf skapist í þekkingargreinum

Markmiðið felur í sér að nýsköpun og samkeppni stuðli að vexti atvinnugreina sem byggjast á hugviti, færni og skapandi hugsun og stuðli þannig að aukinni fjölbreytni í störfum á vinnumarkaði. Þetta markmið kallast á við velsældaráherslur um virkni og nám í starfi og andlegt heilbrigði.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2021
Breyting á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, út frá tillögum starfshóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, þ.m.t. Lögum nr. 3/2003.	2021–2022	● Frumvarp byggt á tillögum starfshóps lagt fram á vörþingi 2022. Vegna stjórnarskipta og breyttri uppskiptingu ráðuneyta var ákveðið að endurskoða frumvarp. Nýtt frumvarp verður lagt fram haustið 2022.
Efning samkeppnissjóða - Tímabundin efning samkeppnissjóða í rannsóknum í sérstöku þriggja ára átaksverkefni, sbr. aðgerð þar að lútandi í Vísinda- og tæknistefnu 2020–2022.	2020–2022	● Framlög voru aukin í Tækniþróunarsjóð Rannsóknarsjóði, Innviðasjóð, Nýsköpunarsjóð námsmanna og Matvælasjóð í samræmi við stefnu VTR og sem hluti af aðgerðum stjórnvalda gegn Covid-19. Fyrsta úthlutun úr Menntarannsóknarsjóði fór fram árið 2021.
Framkvæmd aðgerða í stefnum og aðgerðaáætlunum Vísinda- og tækniráðs - Unnið áfram að aðgerðum í samræmi við stefnur og aðgerðaáætlanir Vísinda- og tækniráðs; opnu aðgengi að gögnum. Vegvísi um rannsóknarinnviði, innleiðingu upplýsingakerfis um rannsóknir og nýsköpun, og auglýsingu og úthlutun markáætlana á sviði samfélagslegra áskorana (sjá einnig málaflokk 21.1 Háskólar og rannsóknarstofnanir).	2020–	● Fyrsta úthlutun samkvæmt vegvísi fór fram á árinu 2021; innleiðingarferli upplýsingakerfis um rannsóknir gekk samkvæmt áætlun og verður hleypt af stokkunum í júní 2022. Úthlutað var úr markáætlunum á sviði samfélagslegra áskorana í árslok 2020.
Aukin framlög vegna nýs íslensks hvatasjóðs, Kríu, sem ætlað er að fjárfesta í vísissjóðum.	2020–2021	● Kría hóf starfsemi árið 2021. Ákvörðun um mótfamlög til þriggja vísissjóða var tekin í lok árs 2021.
Tæknisetur - aðstaða og vettvangur fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki á sviði hátækni og grænna tæknilausna.	2020–2021	● Tæknisetur hóf starfsemi 1. júlí 2021 og byggði m.a. á starfsemi Efnis-, líf- og orkutækni og Rannsóknastofu byggingariðnaðarins hjá NMÍ. Þjónustusamningur var gerður milli ráðuneytis og Tækniseturs.
Þátttaka í norrænu samstarfi um nýsköpun og atvinnuþróun í þágu grænna tæknilausna.	2021–	● Ýmsar aðgerðir til stuðnings frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum á sviði grænnar tækni og orkuskipta, þ.á.m. aukin framlög í Tækniþróunarsjóð og þátttaka í norrænum verkefnum á sviði grænnar tækni.
Aukin framlög til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar.	2020–	● Framlög voru aukin í samræmi við stefnu stjórnvalda um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Sérstakt bráðabirgðaákvæði um tímabundna hækkun vegna heimsfaraldurs.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

11.2 Fjarskipti og netöryggi

Netöryggi

Mikilvægt er að vinna að auknu netöryggi í samræmi við ný lög þess efnis sem tóku gildi 1. september 2020. Í þeim felst m.a. að móta stjórnskipulag netöryggismála, efla netöryggissveit Fjarskiptastofu og koma upp sérhæfðum búnaði fyrir starfsemi hennar, koma á skipulögðu samstarfi um málaflokkinn innanlands og utan og efla menntun, fræðslu, nýsköpun og rannsóknir. Að auki hefur verið þróuð vefgátt 8 fyrir tilkynningar um öryggisbrestir í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, netöryggissveit Fjarskiptastofu, Persónuvernd og lögregluna. Tilkynningagáttinni er ætlað að bæta þjónustu við þá aðila sem er skylt að tilkynna öryggisatvik samkvæmt lögum. Unnið er að innleiðingu þessarar mikilvægu löggjafar sem m.a. hefur mikil áhrif á starfsemi Fjarskiptastofu og þeirra stofnana sem undir lögin heyra. Í fjármálaáætlun nema bein framlög til netöryggismála ríflega 1,6 ma.kr.

Fjarskipti við útlönd

Örugg og góð fjarskipti við útlönd verða sífelld umfangsmeiri og mikilvægari fyrir samfélagið. Framtíðarskipan tenginga Íslands við umheiminn með tilliti til öryggis, afkasta og samkeppni felst m.a. í því að æskilegt sé að þrír fjarskiptasæstrengir tengi landið við Evrópu á hverjum tíma frá mismunandi landtökustöðum. Ísland sem eyja í miðju Atlantshafi hefur nokkra sérstöðu varðandi fjarskiptasamband við umheiminn. Tengingar við umheiminn eru kostnaðarsamar og byggjast nær alfarið á fjarskiptasæstrengjum. Gott og skilvirkt fjarskiptasamband við umheiminn er lykill að þátttöku í þeim samfélagslegu breytingum sem hafnar eru. Meðal verkefna fram undan er að greina bestu leiðir og undirbúa fyrirkomulag ljósleiðarastofnnetts um landið og við útlönd þannig að stofnnetið styðji við markmið stjórnvalda. Fjarskiptasjóður hefur samið við Farice ehf. að vinna að nauðsynlegum undirbúningi til grundvallar kaupum, lagningu og tengingu nýs fjarskiptasæstrengs milli Íslands og Evrópu. Þá munu stjórnvöld, í samvinnu við Farice ehf., standa að lagningu þriðja fjarskiptasæstrengsins á tímabili þessarar fjármálaáætlunar. Nýji fjarskiptasæstrengurinn mun liggja á milli Íslands og Írlands (IRIS) og er stefnt að því að taka nýja strenginn í gagnið undir lok árs 2022 eða árið 2023 hið síðasta.

Háhraðatenging í dreifbýli

Ljósleiðaravæðingin er eitt stærsta byggðaverkefnið á seinni árum. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við sveitarfélög og býr samfélagið undir þær breytingar sem fyrir-sjáanlegar eru í tækni og stafrænni þjónustu á næstu áratugum. Áður réðst búsetan af því hvar viðkomandi fékk starf. Nú er hægt að sjá fram á þá tíma að þessu verði öfugt farið og að fólk geti í auknum mæli valið sér búsetu óháð störfum. Þannig skapast hvatar fyrir ungt vel menntað fólk til að setjast að á landsbyggðinni og jafna þar með aðgang landsmanna að atvinnu og menntun. Verkefnið er samhæft verkefni fjarskipta- og byggðamála. Ljósleiðaravæðing lögheimila og vinnustaða á Íslandi verður áfram forgangsverkefni stjórnvalda á tímabili þessarar fjármálaáætlunar en þætti stjórnvalda í átaksverkefni um ljósleiðaravæðingu dreifbýlis á Íslandi, Ísland ljóstengt, lýkur árið 2021. Til að styðja við uppbyggingu háhraðatenginga verður enn fremur unnið að því að bæta áreiðanleika og öryggi fjarskipta á yfir 60 fjarskipta-stöðum á landinu og stuðlað að því að fjarskipti rofni ekki vegna rafmagnsleysis með því að bæta varaafla við tiltekna lykilstaði fjarskipta. Snýr þetta annars vegar að því að tryggja virkni ljósleiðaragrunnnetts fjarskipta og hins vegar farsímaþjónustu, útvarpsendinga og neyðar- og öryggisfjarskipta í rafmagnsleysi.

5G

Stjórnvöld og hagsmunaaðilar standa nú frammi fyrir nýrri áskorun sem er hagkvæm uppbygging 5G-farneta og nauðsynlegra stuðningskerfa. Óaðskiljanlegur þáttur þessa er nýsköpun þjónustu sem byggist á notkun 5G og öðrum fjarskiptum. Útbreiðslu- og gæðakröfur farneta þarf að endurskoða í ljósi internets-hlutanna, nýrrar notkunar hárra fjarskiptatíðna og nýrrar þjónustu á 5G-netum. Tækifæri Íslands liggur í því að búið er að leggja í mikla ljósleiðaravæðingu og er Ísland nú meðal forysturíkja á því sviði. Þetta auðveldar mjög uppbyggingu 5G-innviða enda má segja að 5G-net sé að stórum hluta ofið úr ljósleiðurum. Fyrst um sinn miðar 5G-uppbygging að því að nýta meiri afkastagetu 5G-neta samanborið við fyrri kynslóðir og einnig að því að láta fólki í tre hraðvirkari föst sambönd. Ljósveiðingin hér á landi þýðir að þessi þörf er vart til



staðar og því hægt að setja áhersluna á að vinna betur að öðrum kostum 5G-tækninnar sem nýtast t.d. við innleiðingu fjórðu iðnbyltingarinnar. Regluverkið þarf að styðja við skynsamlega uppbyggingu innviða fyrir 5G. Ein stærsta áskorunin felst í því að tryggja öryggi 5G-neta og má vænta þess að stjórnvöld setji fram öryggiskröfur með svipuðum hætti og mörg nágrannalönd hafa gert. Fylgst verður náið með framvindu 5G-mála erlendis og hafinn tímanlegur undirbúningur og skipulagsvinna á grundvelli fjarskiptaáætlunar.

Rótarlénið .is

Í því skyni að bæta öryggi, gæta að jafnræði og auka traust var talið nauðsynlegt að setja skýrar reglur um skráningu léna undir landshöfuðléninu .is. Frumvarp þess efnis varð að lögum vorið 2021. Stjórnun og ráðstöfun léna hér á landi var þangað til nánast alfarið háð ákvörðunum einkafyrirtækis á tímum ört vaxandi netnotkunar og netógnar.

Kynjasjónarmið í fjarskiptum

Öflug og örugg fjarskiptaþjónusta getur stuðlað að aukinni fjölbreytni í störfum óháð staðsetningu og aukið möguleika fólks á sveigjanleika í vinnu. Konur eru líklegri til þess að flytjast úr dreifbýli í þéttbýli, m.a. vegna skorts á atvinnutækifærum. Með landsátakinu Ísland ljóstengt og stefnu stjórnvalda um að leggja áherslu á sem mest jafnræði landsmanna hvað varðar aðgang að fjarskiptainnviðum styður málaflókkurinn við markmið um jafnrétti þó að fleiri þættir þurfi að liggja þar til grundvallar.

Markmið fjarskipta eru tilgreind í lögum og þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033. Markmiðin eru að fjarskiptin verði aðgengileg, greið, örugg, hagkvæm, skilvirk og umhverfisvæn. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á uppbyggingu ljósleiðarakerfa á svæðum með skilgreindan markaðsbrest á landsvísu. Í því felst í reynd ljósleiðaravæðing heimila og fyrirtækja í dreifbýli um landið allt.

Í fjármálaáætlun 2021-2025 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 11.2.

Markmið 1: Aðgengileg og greið fjarskipti

Markmið 2: Örugg fjarskipti

Markmið 3: Hagkvæm og skilvirk fjarskipti og umhverfsvæn fjarskipti



Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2021
Ísland ljóstengt, uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæði í dreifbýli lýkur.	Aðgerðarár 6 af 6.	● Loka styrkveitingar á grundvelli Ísland ljóstengt fóru fram vorið 2021 þar sem 17 sveitarfélög hlutu samanlagt 448 m.kr. til uppbyggingar ljósleiðarakerfa.
Netöryggismál eflid í samræmi við fjarskiptaáætlun og nýja löggjöf um netöryggi.	2021 var ár stefnumótunar og undirbúningsár aðgerða árána 2022-2027	● Á árinu 2021 fór fram endurmótun netöryggisstefnu Íslands. Grænbók um net- og upplýsingaöryggi kom fram í mars 2021, hvítbók um net- og upplýsingaöryggi í júlí 2021 og ný netöryggisstefna var staðfest í nóvember 2021. Þá hófst vinna við mótun aðgerðaáætlunar í netöryggismálum. Starfsmönnum CERT-IS fjölgað úr fjórum í sjö. Allir með skilgreind hlutverk. Sviðshópur fjármálainnviða settur á laggirnar. CERT-IS flutt í sérstakt rými sem samræmist vinnslu gagna með mismunandi trúnaðarstig. 24/7 bakvaktarfyrirkomulag virkjað. CERT-IS veitir þjónustu allan sólahringinn.
Varaafli aukið við lykilstaði fjarskipta til að tryggja að fjarskipti rofni ekki vegna rafmagnsleysis.	2020-2021	● Á árinu lauk landsátaki Neyðarlínunnar í uppfærslu varaafis tiltekinna mikilvægra fjarskiptastaða víða um land, þ.m.t. á Norðvesturlandi í samstarfi við farsímafélögin, með fjárstuðningi frá fjarskiptasjóði á grundvelli fjárfestingaráttaks ríkisstjórnarinnar sem hófst 2020.
Allir fjarskiptainnviðir kortlagðir á heildstæðan hátt í gagnagrunni um fjarskipti.	2019-2023	● Allir helstu óvirkir fjarskiptainnviðir hafa verið kortlagðir í gagnagrunn almennra fjarskipta (GAF) hjá Fjarskiptastofu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

21.1 Háskólar og rannsóknarstarfsemi

Í fjármálaáætlun 2021-2025 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 21.1.

Markmið 1: Aukin gæði náms og námsumhverfis í háskólum

Skapa þarf hvetjandi námsumhverfi til hagsbóta fyrir alla nemendur, óháð kyni og uppruna. Háskólanám þarf að miða að því að nemendur tileinki sér gagnrýna og skapandi hugsun og öguð vinnubrögð svo að þeir geti orðið virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi og atvinnulífi. Efla þarf kennara í háskólum til að ná árangri í kennslu og takast á við óvæntar áskoranir í framkvæmd kennslu með því að bjóða upp á tækifæri til starfsþróunar og hvetja til nýjunga í kennslu. Styrkja þarf tengingar við atvinnulíf, efla kennaranám og starfs- og verknám og hvetja til alþjóðastarfs háskóla.

Markmið 2: Styrkja rannsóknarstarf og umgjörð þess

Öflugt rannsóknarstarf er forsenda gæða í háskólanámi og laðar hæfa nemendur og starfsfólk til náms og starfa í háskólum og rannsóknastofnunum. Rannsóknir eru grundvöllur framfara á flestum sviðum samfélagsins og renna til að mynda stoðum undir velferð, menningu, heilbrigði og sjálfbæra þróun. Rannsóknir eru mikilvægur grundvöllur nýsköpunar og stuðla að stöðugum hagvexti og efla samkeppnishæfni landsins (sjá málefnasvið 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar).

Markmið 1: Auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu

Auk þess að annast kennslu og rannsóknir þjóna háskólar samfélaginu með fjölbreyttum hætti, svo sem með samstarfi við stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki, ráðgjöf og úttektum, vísindamiðlun og sí- og endurmenntun. Efla þarf þessa starfsemi og gera hana sýnilegri, m.a. til að styðja við grundaða ákvarðanatöku stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og almennings og færniuppbyggingu fólks á vinnumarkaði.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2021
Framlög til háskóla verði sambærileg við þau sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum.	2019-2025	● Fjármögnun háskóla verður tryggð í samræmi við áætlanir vísinda- og tækniráðs. Fjármögnun er tryggð svo sem lagt var upp með í gildandi fjármálaáætlun. Þó er nokkuð í land að markmiði um sambærilega fjármögnun og á norðurlöndum.
Nýliðun og starfsþróun kennara.	2019-2024	● Fjölga þarf fagfólki á öllum skólastigum með áframhaldandi hvötum til að sækja kennaranám. Styrkir til kennaranema eru enn greiddir skv. átaki þar að lútandi. Stuðla þarf að möguleikum fagstéttar í skólastarfi til starfsþróunar.
a. Innleiðing og eftirfylgni aðgerða um nýliðun kennara, m.a. verður litið til þess hvernig fjölga megi körlum.	2019-2024	● 5 ára átaksverkefni um nýliðun kennara stendur yfir.
b. Framkvæmd og innleiðing nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórna.	2019-2024	● Innleiðing laga nr. 95/2019 heyrir undir mennta- og barnamálaráðs. Aðgerð hafin en á ábyrgð MRN.
Greina þarfir fyrir nýtt húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.	2019-2021	● Hótel Saga keypt undir starfsemi Menntavísindasviðs HÍ og Félagsstofnunar stúdenta.

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2021
Gæði háskólanáms.	2019-2026	● Aðgerð vel á veg komin.
a. Sérstækar úttektir verða gerðar á gæðum fjarnáms og meistaranáms þvert á háskóla. Sérstaklega verður litið til kynja- og jafnréttissjónarmiða.		● Gert verður átak í netvæðingu náms og aðgengi að stafrænu háskólanámi á Íslandi, sem eykur aðgengi að menntun óháð búsetu og aðstæðum. T.a.m. fékkst í fjárveiting til eflingar Uglu í fjárlögum 2022.
b. Unnið verður áfram að breytingum á reiknilíkani háskóla með áherslu á gæði og skilvirkni, samkvæmt Vísinda- og tæknistefnu 2020-2022.		● Skýrsla birt í júlí 2021.
c. Úttekt á lögreglunámi á háskólastigi.		● Úttekt á gæðum lögreglunáms við Háskólann á Akureyri var skilað til ráðherra þar sem fram komu ýmsar tillögur til úrbóta. Í kjölfarið hefur háskólinn unnið að umbótaáætlun í samstarfi við helstu hagsmunaaðila.
d. Sett á laggirnar verkefni í samstarfi við háskóla til að efla gæði í kennslu.		● Kennsluakademía opinberu háskólanna tók til starfa á árinu 2021.
e. Unnið áfram að þróun fagháskólanáms.		● Tilraunaverkefni um fagháskólanám í leikskólafræðum fór fram við Háskóla Íslands á árinu 2021 og unnið var að innleiðingu fagháskólanáms fyrir sjúkraliða við Háskólann á Akureyri.
f. Unnið áfram að húsnæðismálum Listaháskóla Íslands.		● Fjármögnun tryggð fyrir breytingar á Tollhúsinu. Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu um samstarf ríkis og borgar þar að lútandi.
g. Framkvæmdir hefjast við húsnæði heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands á Hringbrautarreit.		● Lokað útboð fór fram vegna hönnunar hússins á árinu. Samningur um fullnaðarhönnun var undirritaður 2022 og húsið á að vera tilbúið til notkunar 2025.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2021
h. Hugað verður að framkvæmdum við húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum.		● Unnið var að viðhaldi og viðgerðum á mannvirkjum að Reykjum.
i. Samstarfssamningur um undirbúning að stofnun háskólaútibús og kennslu á háskólastigi á Austurlandi.		● Unnið er að eflingu á þjónustu fræðslumiðstöðva við nemendur á landsbyggðinni. HR og HA í samstarfi um landsbyggðarverkefni á Austurlandi í samstarfi við Austurbrú.
Gerð verður breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, m.a. til að styðja betur við gæðastarf háskólanna.	2020-2024	● Aðgerð ekki hafin.
Stefna um starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra. Á grundvelli úttektar á starfsemi og mikilvægi setranna verður unnin stefna og aðgerðaáætlun til 2025.	2019-2025	● Aðgerð ekki hafin.
Opin vísindi. Stefna um opinn aðgang að gögnum verður mótuð.	2019-2022	● Stefnu um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna hefur verið skilað til ráðherra og er útgáfu beðið. Vinna við opinn aðgang að gögnum var felld undir stærri endurskoðun á bættu umhverfi rannsókna, þ.m.t. opnu aðgengi að rannsóknarinnviðum.
Rannsóknarinnviðir. Unnið er að mótun stefnu og vegavísis um rannsóknarinnviði.	2019-2021	● Vegvísir um rannsóknarinnviði hefur verið gefinn út.
Miðlun til almennings. Gera áætlun um miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknarstofnunum til almennings, annarra skólastiga og stjórnvalda.	2019-2022	● Aðgerðin kallar á samstarf við önnur ráðuneyti.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið


21.2 Stuðningur við námsmenn

Löggjöf um málaflokkinn tekur til starfsemi Menntasjóðs námsmanna. Meginhlutverk sjóðsins er að veita nemendum fjárhagslegan stuðning og tryggja þeim tækifæri til náms án tillits til efnahags. Sjóðurinn er einnig tæki til að fjárfesta í menntuðu vinnuaflí og alþjóðlegum tengslum þekkingarsamfélagsins.

Aðalmarkmið Menntasjóðs námsmanna er jöfn og gagnsæ dreifing á framlagi ríkisins til nemenda. Bætt námsframvinda nemenda í háskólum. Bætt námsframvinda dregur úr skuldsetningu nemenda og stuðlar að bættri nýtingu fjármuna í menntakerfinu og aukinni skilvirkni. Fjölga menntuðu fólki í ákveðnum starfsstéttum. Öflugt menntakerfi er forsenda framfara. Mikilvægt er að Menntasjóður námsmanna geti stutt við þær áherslur stjórnvalda að draga úr skorti á ákveðnum starfsstéttum á borð við kennara og heilbrigðisstarfsfólk og efla list-, tækni, verk- og starfsnám til að bregðast við breyttum atvinnuháttum.



Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila



Fjárhæðir í milljónum króna

